

GRUNDUN:

Grafa skal, fyrir undirstöðum, niður á burðarhæfan klapparbotn eða annað burðarhæft lag, samkvæmt úttekt byggingarfulltrúa.

Fyllingarefnið er frostfrí grús, þjöppuð rækilega í hæfilega þykkum lögum, t.d. í 30 sm lögum með 5 tonna vibróvaltara og 4 yfirferðum á hvert lag, þar sem búast má við ójöfnum botni skal vanda sérstaklega þjöppun, grús undir undirstöðum og botnplötu sé hvergi minni en 500 mm. á þykkt.

Þjöppun á að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

$E2 \geq 8 \text{ Mpa}$
 $E1 \geq 5 \text{ Mpa}$
 $E2/E1 \leq 2,3$

FRÁRENNSLISLAGNIR:

Frárennislagnir eru allar úr stífum plastpípum af viðurkendri gerð t.d. PVC og verða að standast þær kröfur sem fram eru settar í ÍST-65.

Visað er í RB-blað nr. Rb(12).401 varðandi frágang við jarðvatnslagnir. Uppgefnir kótar eru miðaðir við rennislisbotn á pípum.

Vanda skal alla vinnu við lagningu frárennislagnanna og gæta sérstaklega að því að pípur hvíli á belgnum, en ekki samskeytum, að undirlag sé vel þjappað og burðarhæft. Ekki skal leggja lagnir á frosið undirlag.

Efni og frágangur skal að öllu leiti vera í samræmi við gildandi holræsareglugerð og ÍST-65.

GK = Gólfkóti HBRØ1000 = Hrcinsibrunnur með þvermál Ø1000
NF = Niðurfall frá þaki

GN = Gólfniðurfall GN-g = Gólfniðurfall með gegnumrennsli
ÞV = Þvottavél
EV = Eldhúsvaskur SKV = Skolvaskur

HL = Handlaug
ST = Sturta BK = Baðkar
VS = Vatnssalerni

Fn = Fallpípa nr. n YÞ = Loftun upp fyrir þak.

J = steypujám
PL = Plast
ST = Steinsteypa PEH = Polyetylen með háa eðlisþyngd.

_____ Merkir þakkaða fráveitulögn

--- --- Merkir óþakkaða regnvatns- og drenlögn

JÁRNBENDING:

Járnastærðir eru í mm.

Steypustyrktarstál merkt R á teikningu er slétt stál ST37 Steypustyrktarstál merkt K á teikningu er kambstál Ks 40 með $\sigma_f = 400 \text{ Mpa}$.

MERKING JÁRNA:

K10 m/m250 merkir að eitt 10 mm kambjárn komi á hverja 250 mm. Í plötu er fjarlægð gefin milli beinna járna innbyrðis og milli uppbyggðra járna innbyrðis.

Heildregin lína merki járn í neðri brún plötu. -----
Brotin lína merki járn í efri brún plötu. - - - - -

Bil milli láréttra járna í bitum er 25 mm fyrir 16 mm járn en 30 mm fyrir sverari járn. Í plötum má ekki skeyta meira en þriðja hvert járn í þversniði, bil milli skeytiþversniða sé ekki minna en 40 x þvermál járnstangar. Vixlunarhlengi á samskeytum (skeytilengi) er a.m.k. 40 x þvermál járnstangar. Beygjuþvermál kambstáls skal mera 20 x þvermál járnstangar en fyrir suðuhæft stál 5 x þvermál járnstangar.

Í efri og neðri brún undirstaða komi 2K12 lárétt járn sem beygjast heil fyrir horn. Umhverfis öll múrop skal setja 2K12 sem nái a.m.k. 600 mm út fyrir opin.

Í alla veggenda og efst í alla veggir skal setja 2K12.

FJARLÆGD JÁRNA FRÁ STEYPUYFIRBORDI, Í MM:

	Plötur	Veggir	Bitar	Súlur
Innanhúss	15	20	25	25
Utanhúss	20	20	25	30
Undirstöður	30	30		

STEINSTEYPA Í STADSTEYPTUM BYGGINGAHLUTUM:

Öll steypa og steypuvinna skal vera í samræmi við íslenska staðal ÍST-10, framkvæmdaflokk B.

Nota skal loftblendi sem gefur 5- 7% loftinnihald við útlögn.

Titra skal steypu.

Sigmál skal vera 60-80 mm.

VS-tala sé ekki hærri en 0,5.

Hámarkssteinastærð í steypu sé 32 mm, þó ekki stærri en 16 mm í ásteypulagi.

Nota skal þjálniefni í steypu ofan grunnplötu, t.d. KEMFLOT 35.

Í undirstöður notist S250
Í botnplötu notist S250
Í útveggi notist S250
Í bita og súlur notist S250
Í ásteypulag notist S250

Lágmark sementsinnihalds í S250 steinsteypu er 300 kg/m³ og vs-tal < 0,5.

ÁLAGSFORSENDUR:

Miðað er við álog, þar sem það á við, samkvæmt ÍST-12

Notálag:

Hæðarskil og gólfplötur, jafndreift álag

Álag á gólfplötu = 1,5 kN/m²

Léttrir veggir = 1,0 kN/m²

Vindálag:

Z=6

$v = 15,5(\log z + 2) = 15,5(\log 60 + 2) = 43,1 \text{ m/sek}$

Grunngildi = $q = 43,1^2/1600 = 1,16 \text{ kN/m}^2$

Snjóálag:

Svæði 1 : s = 1,0 kN/m²

Jarðskjálftaálag : ÍST-13

Svæði 4 : z = 1,0


Veggjabygging : k = 1,33

Eiginþungi :

Þak 1,20 kN/m²
Steinsteypa 25,00 kN/m²
Gólfilögn 1,00 kN/m²



LÁRÉTT SNIÐ Í VEGG SEM SÝNIR FRÁGANG Á HORNUM ÞAR SEM JÁRNAGRINDUR MÆTAST.:



Húseyjar:	
HÚSEY Teikni- og verkfræðifyrirtæki SELFOSSI	
Vinnustofo	Sáru Sandvík 4, 801 Selkross, Sími 482-1738 / 898-9199 Netfang: samh@simnet.is
Áb.m. og ráðgjaf C:	Samrætt Smári Hreggviðsson, byggingateknifræðingur, M.T.F.I. Kt.: 200752-4659
Víðfangsefni:	SKÓGARHOLTSBRAUT 10, GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPÍ
Verkið:	Almennar skýringar fyrir undirstöður og fráveitu.
Mæliskvæði:	Teiknað/Reiknað: 1:50 og 1:20 sah
Dagsetning:	Sáru-Sandvík 4, í maí 2012
Samþykkt:	<i>Sam. S.H.</i>
Verkinúmer:	12-655
Teikn.númer:	2-01